

## AUGLÝSING

### um staðfestingu félagsmálaráðuneytis á sameiningu Broddaneshrepps og Hólmavíkurhrepps í eitt sveitarfélag.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 25. apríl 2006 staðfest sameiningu Broddaneshrepps og Hólmavíkurhrepps, í umdæmi sýslumannsins á Hólmavík í eitt sveitarfélag.

Jafnframt hefur eftirfarandi verið ákveðið:

Sameining framangreindra sveitarfélaga skal taka gildi hinn 10. júní 2006.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sveitarfélögum.

Íbúar sveitarfélaganna skulu vera íbúar hins sameinaða sveitarfélags.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra þessum tveimur sveitarfélögum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags.

Skjöl og bókhaldsgögn sveitarfélaganna skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sérstök athygli er vakin á eftirfarandi:

Kosið verður til sveitarstjórnar hins sameinaða sveitarfélags 27. maí 2006, sbr. ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998.

Kjóra skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 12. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998.

Sveitarstjórnirnar kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar, nema annað verði ákveðið.

Kosið verður um nafn hins sameinaða sveitarfélags á grundvelli tillagna nefndar, sem sveitarstjórnirnar hafa skipað sameiginlega, samhliða sveitarstjórnarkosningunum 2006. Nafn hins sameinaða sveitarfélags verður auglýst sérstaklega.

*Félagsmálaráðuneytinu, 25. apríl 2006.*

**Jón Kristjánsson.**

*Róbert Ragnarsson.*